**Eftirtektarverð auglýsing.**

Auglýsingu hefi eg lesið í nokkrum blöðum, sem mér virðist þess verð, að menn veiti henni sérstaka eftirtekt. Auglýsandinn er hinn ágæti forseti Íþróttasambands Íslands, Ben. G. Waage, maður sem lengi hefir varið sínum mikla dugnaði til að vinna að máli sem mjög snertir þjóðarheill. Er eðlilegt, að allir sem hafa veitt því eftirtekt, hve mikið starf Ben. G. Waage hefir unnið í þjóðarþarfir, óski þess, að einkafyrirtæki hans og þeirra bræðra, húsgagnaverslunin á Laugavegi 18, bíði sem minstan halla við, og ekki sé illa launað það sem góðra launa er vert.

1. júní.

*Helgi Pjeturss.*

Vísir '29